ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT!
LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

MÁLGAGN KOMMÚNISTASAMTAKANNA MARXISTANNA - LENÍNISTANNA 4.tbl.3.árg.1974

VERÐ: 30 kr.

EFNI BLAÐSINS:

Um borgaralegu kosningarnar bls.3

Varaformaður Dagsbrúnar harðasti talsmaður auðvaldsins bls. 7

KSML deild á Akureyri bls.6


Baráttan í Runtal bls.9

Ráðstefna KSML um verkalýðsmál bls.10

Hvað gerist í Epíópíu? bls.11

Internationalinn bls.18

1.maí 1974-baksíða



1.MAÍ ÁVARP KSML



Enn herðir auðvaldið tök sín á verkalýðnum, enn sem fyrr er byrðum sívaxandi kreppu-kapítalismans velt yfir á herðar verkalýðsins. Ríkisstjórn "hinna vinnandi stétta", eins og hún nefnir sig, hefur boðað stórfellda kjaraskerðingu á hendur verkalýðsstéttinni. Nýjustu áform hennar, til bjargar minnkandi gróða burgeisastéttarinnar, eru, að banna alla kauphækkun yfir 20% um óákveðinn tíma og afnám vísitöluhækkunarinnar 1. júní og 1. sept.

Gegn þessum svívirðilegu áformum fulltrúa borgarastéttarinnar í ráðherrastólunum á verkalýðsstéttin aðeins eitt raunhæft svar: sjálfstæða skipulagningu á grundvelli stéttabaráttunnar, skipulagningu í byltingarsinnaðan kommúnistaflokk, sem fær verður um að taka á sig hlutverk leiðtogans í þeim harðnandi stéttaátökum, sem framundan eru. Verkalýðurinn verður að hafna hentistefnunni í hvaða mynd sem hún birtist - hvort heldur í þingræðisbrölti Alþýðubandalagsins eða umbótastefnu stéttsvikarana í verkalýðsforystunni. Óhjákvæmilegt hrun auðvaldsskipulagsins, hert arðrán og miskunnarlaus kúgun borgarastéttarinnar gegn verkalýðsstéttinni, með dyggri aðstoð þjóðfélagslegrar höfuðstoðar sinnar, sósíaldemókratismans, krefst þess, að verkalýðurinn skipuleggi baráttu sína á kommúnískum grundvelli með það markmið í huga að ná völdum í þjóðfélaginu í sósíalískri byltingu og reisa alræði öreiganna.

framh. á bls. 14

LEIÐARI:

Borgaralega þingræðið er enginn valkostur fyrir verkalýðinn

Eins og skýrt var frá í leiðara síðasta eintaks STÉTTABARÁTTUNNAR munu KSML ekki hafa möguleika á að bjóða fram í þeim kosningum, sem nú standa fyrir dyrum. Þrátt fyrir það munum við ekki leiða þessar kosningar hjá okkur við munum taka þátt í þeim samkvæmt okkar getu og nota tækifærið til þess að afhjúpa hið raunverulega innihald borgaralega lýðræðisins fyrir verkalýðinn. Í samræmi við þetta skorum við á verkalýðinn að skila ógildum atkvæðaseðlum við kosningarnar og sýna þannig afstöðu sína til borgaralega þingræðisins.

Borgaralega lýðræðið þjónar minnihlutanum.

Tilgangur kommúnista með því að taka þátt í kosningum til Alþingis og borgar- og sveitastjórna er ekki fyrst og fremst sá að koma sínum fulltrúum inn á þessar samkundur borgarastéttarinnar - heldur til þess að nota þennan vettvang, sem borgaralega lýðræðisskipulagið býður upp á til þess að boða verkalýðnum stefnu kommúnismans og safna framsæknustu hlutum hans undir merki stéttabaráttunnar.

Okkur er ljóst, að allar stjórnir, hvort sem eru ríkisstjórnir, borgar- og bæjarstjórnir, þjóna hagsmunum þess minnihluta, sem á framleiðslutækin - borgarastéttinni. Þess vegna eru allar þessar stjórnir minnihlutastjórnir, sem stjórna gegn hagsmunmeirihlutans - verkalýðnum.

Borgaralega lýðræðið er form, sem ríkisvald borgarastéttarinnar tekur á sig - og hversu "lýðræðislegt" sem það verður mun það alltaf vera tæki hinna fáu til að kúga hina mörgu. Þrátt fyrir þessa staðreynd er það svo, að verkalýðurinn tekur þátt í borgaralegum kosningum. Ástæðan fyrir þessari mótsögn er sú, að borgarastéttin hefur ekki einungis einokun á framleiðslutækjunum, heldur og á allri fræðslustarfsemi og hinu pólitíska og þjóðfélagslega trúboði. Í höndum borgarastéttarinnar eru skólar, kirkjur, blöð, bækur, útvarpið o.s.frv. Þessi tæki móta hugsunarhátt svo að segja hvers einasta heimilis á landinu að meira eða minna leyti.

Á meðan auðvaldið er nokkurn veginn fast í sessi er þingræðið örugg stjórnunaraðferð fyrir borgarastéttina, jafngildi einræðis hennar. En strax þegar auðvaldinu fer að hnigna og er í hættu statt, þegar það hættir að geta fullnægt þörfum fjöldans, hnignar líka þingræðinu. Þá getur auðvaldið ekki lengur veitt sér þann "lúxus" að gefa vinnandi stéttum málamyndaíhlutunarrétt um stjórn landsins, vegna þess að það missir jafnframt valdið yfir hugum verkalýðsins.
Þá er þingræðið afnumið og gripið til einræðis fasismans.
Kosningarnar núna eru haldnar á tímabili "festu" og "öryggis" - í dag hefur verkalýðurinn trú á möguleikum borgaralega þingræðisins og hann tekur þátt í því með atkvæðagreiðslum á nokkurra ára fresti. Vel smurðar kosningamaskínur borgaralegu flokkanna eru nú þegar farnar að snúast. Flokkarnir setja fram sínar kosningabeitur og kosningasmalarnir búa sig undir að sópa hvern krók og kima, þar sem atkvæða er von.

Spurningin um það hvers verkalýður-inn getur vænst af þeim pólitíska hrossamarkaði, sem nú fer í hönd, vaknar óhjákvæmilega, þegar pólitísk leiktjöld borgarastéttarinnar eru dregin fram og máluð í nýjum skærum litum.
Við munum hér fjalla um núverandi framboðskapphlaup nokkurra af borgaralegu og smáborgaralegu flokkunum og hvernig þeir líta út séðir í ljósi stéttarhagsmuna verkalýðsins.

Hverjum þjónar Sjálfstæðisflokkurinn?

Sjálfstæðisflokkurinn býður fram sinn vanalega skara af lögfræðingum, stór- og smákaupmönnum, - stjórum allra tegunda o.s.frv. Þeir úr verkalýðsstétt, sem kjósa þennan flokk, og staðreyndin er að þeir eru margir, setja atkvæði sitt á atvinnurekendur og háttsetta embættismenn, þeir setja atkvæði sitt á flokkinn, sem er vörður "einstaklingsfrelsisins" - í þeirri einu merkingu, sem það getur haft í auðvaldsþjóðfélaginu, þ.e. frelsi borgarastéttarinnar til að arðræna, frelsi hinna fáu fyrir ófrelsi hinna mörgu, þeir falla fyrir lýðskruminu, sem m.a. kemur fram í "grænu byltingunni", sem birtist svo skyndilega svona rétt fyrir kosningarnar. Sjálfstæðisflokkurinn - "flokkur allra stétta" - kemur fram sem "kjölfestan" í lýðræðisskipulaginu hérlendis, - verður hann enn "kjölfestan" þegar stöðugleiki auðvaldsins er fyrir bí og þingræðið víkur mögulega fyrir fasísku ofbeldi borgarastéttarinnar?
Svari hver fyrir sig, minnugir þess hverra hagsmuna flokkurinn í rauninni gætir.

Á verkalýðurinn að kjósa Alþýðubandalagið?

Getur það verið rétt að kjósa Alþýðubandalagið vegna þess að sá flokkur er "þrátt fyrir allt lengst til vinstri"?

Þessi spurning vaknar hjá mörgum, sem aðhyllast sósíalismann, en hafa ekki enn séð, að AB á ekkert sammerkt með sósíalískum flokki.
Svar KSML við þessari spurningu byggist á því, að allt tal AB um sósíalismann er blekking ein - og verður því nei.

Sósíalísk hula AB er eingöngu ætluð til þess að tæla þá hluta verkalýðsins, sem aðhyllast sósíalismann, til stuðnings við flokkinn. Þar sem engin útbreiðsla sósíalískra hugmynda hefur átt sér stað svo lengi hér á landi tekst AB að nota sína falsútgáfu af sósíalismanum til þess að blekkja hluta verkalýðsins.

Mikilvægasta atriðið varðandi AB fyrir verkalýðinn er það, að kenningar þess um þingræðislegu leiðina til sósíalismans eru nákvæmlega sömu svikakenningarnar, sem Alþýðuflokkurinn boðaði í þeim tilgangi að stemma stigu við sókn verkalýðsins til byltingarinnar - sömu kenningarnar og þær, sem höfðu svo afdrifaríkar afleiðingar í för með sér fyrir verkalýð Chile.

Alþýðubandalagið er borgaralegur verkalýðsflokkur, sem þjónar borgarastéttinni - AB vinnur gegn sjálfstæðri baráttu verkalýðsins á grundvelli stéttabaráttunnar, flokkurinn vill binda hugsun verkalýðsins á klafa borgaralegu hugmyndafræðinnar.

Þessi staðreynd hefur komið fram í mörgum málum, sem dæmi má nefna landhelgismálið. Í því máli hefur AB gengið fram fyrir skjöldu í baráttunni fyrir rányrkjuréttindum íslenska einokunarauðvaldsins, - herstöðvamálið hefur AB notað til að spila á strengi þjóðrembings og leitast við að færa andstöðuna gegn NATO og hernum inn á brautir, sem beinlínis þjóna borgarastéttinni. Áróður AB hefur vísvitandi falið kjarna málsins, þ.e. að íslenska auðvaldið er höfuðfjandmaður íslenskrar öreigastéttar.

Þingsetar, borgarstjórnarfulltrúar og ráðherrar AB starfa allir innan þess kerfis borgarastéttarinnar, sem arðrænir verkalýðinn, og það er beinlínis hlutverk þeirra að efla tiltrú verkalýðsstéttarinnar á borgaralega þingræðinu. Lýsandi dæmi um starf þeirra eru síðustu kjarasamningar - blekið var ekki fyrr þornað á samningunum en að "kauphækkunin" hvarf út í hækkað vöruverð. Í Þjóðviljanum var því síðan haldið fram, að samningarnir væru kaupmáttaraukning.

Með gengisfellingum og vísitölufalsi mun borgarastéttin síðan ganga enn lengra í því að lækka raunlaun verkalýðsins og ráðherrar AB munu ekki skerast úr þeim leik eins og dæmin sanna.

Er tími Frjálslynda Flokksinskominn?

Bjarni Guðnason og flokkur hans, Frjálslyndi flokkurinn, stökkva nú fram undir loforðum um "heiðarlega baráttu gegn kerfi Stórflokksins!" Hugsjónir þessa smáborgaraflokks eru þær að takast megi að sigrast á spillingunni og baktjaldamakkinu, sem ræður ríkjum í auðvaldsþjóðfélaginu.

"Stofnaður hefur verið flokkur sem mun berjast gegn Stórflokknum... Frjálslyndi flokkurinn mun splundra samtryggingakerfi Stórflokksins og skapa heilbrigðara viðhorf í stjórnmálum"
"...fyllilega tímabært er að sú rödd heyrist, sem sker upp herör gegn samtryggingakerfi og valdamakki stóru flokkanna og er ekki reiðubúinn að ganga til liðs við það rotnaða flokkakerfi, sem fyrir er í landinu,"
(Nýtt land, 12. tbl. '74).

Útlistanir Frjálslynda flokksins á "kerfinu" - sem er eitt "allsherjar samsæri" hinna flokkanna, sem nú sitja við kjötkatlana í ýmsum nefndum og ráðum - eru upphrópanir smáborgaralegra ruglukolla, sem skynja einokunarauðvaldið, en skilja það ekki. Þeir skynja það, að allir núverandi flokkar og allar ríkisstjórnir þjóna hagsmunum einokunarauðvaldsins, hver svo sem stefna þeirra er í orðum. Staða smáborgaranna gagnvart þessu "kerfi" verður því, sökum skilningsskorts þeirra á raunverulegu gangverki þess, að aumu gelti um umbætur.

Bjarni Guðnason kemur fram í fullum herklæðum riddarans hugprúða, sem þeysir gegn mútuþægni og bitlingabakstri (sem fyrrverandi flokksbræður hans í Samtökum Frjálslyndra eru órjúfanlegur hluti af), en sökum þess að stefna Frjálslynda flokksins er jafn óraunveruleg og hugmyndir hans um "heiðarlegt auðvald" verður allur hans málflutningur stór loforð - loforð um "gagngera breytingu".

Litli flokkurinn verður að yfirbjóða allt og alla á uppboðinu - það er eina leið Bjarna og hirðar hans til þess að komast inn í "kerfið", að bitlingajötunni - þar af leiðandi verður lýðskrum hans svo hástemmt.

Verkalýðurinn verður að kjósa leið byltingarinnar!

Að lokinn kosningu, þessu leiksviði borgaralega lýðræðisins, er árangurinn veginn og metinn og pólitísk uppskipting embætta og bitlinga hefst. Fyrir verkalýðinn, sem hefur tekið þátt í leiknum, sett atkvæði sitt á hina ýmsu framboðstrúða borgaranna, heldur lífið áfram í sömu skorðum. Á vinnustaðnum situr sami arðræninginn - það var ekki verið að kjósa um yfirráðin yfir framleiðslunni - og það verður aldrei gert í borgaralegum kosningum.

Málamyndaþátttaka verkafólks í stjórn auðvaldsþjóðfélagsins með kosningum mun aldrei aflétta arðráninu né breyta högum verkalýðsins í grundvallaratriðum. Öll loforð, sem segja, að leið þingræðisins sé leið verkalýðsins til valda í þjóðfélaginu eru kosningablekkingar þeirra flokka, sem kenna sig við sósíalismann, en eru andstæðingar hans í raun.

Hlutskipti öreigastéttarinnar í auðvaldsþjóðfélaginu verður alltaf hlutskipti launaþrælsins, sem verður að berjast harðri baráttu fyrir hverri smá umbót.

Verkalýðurinn verður því að kjósa leið byltingarinnar, sem skilur við auðvaldsþjóðfélagið í rúst - en byggir í þess stað ríki verkalýðsins. Í þeirri baráttu, sem heyja verður þar til því marki er náð, eru umbæturnar aðeins árangur byltingarbaráttunnar og þingræðisbarátta verkalýðsins veigalítill þáttur.

22/4

KSML styður baráttu prentara

Þegar þetta er skrifað sér ekki fyrir endann á prentaraverkfallinu. Prentsmiðjueigendur hafa lýst því yfir, að það sé "prinsippatriði" að gefa ekki eftir gagnvart kröfum prentaranna um aukið orlof. "Prinsipp" auðvaldsherranna er auðvitað að greiða ætíð sem lægst laun. Saga verkalýðsbaráttunnar hefur sýnt það, að það er aðeins með harðri baráttu verkafólksins sjálfs, sem verkalýðurinn hefur þvingað fram eftirgjafir af hálfu kapítalistanna - og þannig er því enn varið. Í þeirri baráttu hafa prentarar oft verið framarlega og háð hörð stríð fyrir ýmsum umbótum, sem síðan aðrir hafa notið góðs af.

Kommúnistar eru fylgjandi hverri umbót á högum öreiganna, sem þeim tekst að þvinga fram með baráttu sinni - en okkur er jafnframt ljóst, að baráttan fyrir umbótum má aldrei verða markmið í sjálfu sér. Lenín hefur skilgreint takmarkanir umbótabaráttunnar á þennan hátt:

"Því sterkari tök, sem umbótastefnan hefur á verkalýðnum, þess óstyrkari verður verkalýðurinn og því háðari, sem hann verður borgarastéttinni, þess léttara verður fyrir borgarana, með ýmsum brögðum, að gera umbæturnar að engu.

Eftir því sem verkalýðshreyfingin er sjálfstæðari og dýpri, og því víðtækara, sem takmark hennar er og hversu laus verkalýðurinn er við þröngar umbótahugmyndir - þess betur mun honum takast að festa í sessi og notfæra sér hinar ýmsu umbætur."

Um leið og við sendum verkfallsmönnum baráttukveðjur, minnum við á, að launaþrældómurinn mun ætíð verða hlutskipti verkalýðsins í auðvaldsþjóðfélaginu. Baráttan verður að beinast að endanlegu hruni þessa óréttláta þjóðfélags og uppbyggingu nýs þjóðfélags - verkalýðsríkinu.

-/hh

Akureyrardeild KSML stofnuð

Þann 20. apríl s.l. var Akureyrardeild KSML stofnuð. Aðdragandi þess er að fyrir rúmu ári var stofnuð stuðningsdeild KSML á Akureyri. Hún hóf þegar skipulega útbreiðslu á útgáfuefni KSML, einnig skipulagði hún göngu og útifund á 1. maí í fyrra. Fljótlega eftir stofnun stuðningsdeildarinnar fór hún af stað með grundvallarnámshring í marxismanum-lenínismanum. Árangurinn kom fram í stofnun Akureyrarsellu KSML þann 1. desember s.l. Sellan hófst þegar handa við útgáfu dreifibréfa, sem hefur verið regluleg. Þar hefur pólitík samtakanna verið færð út og tekin upp mál sem efst hafa verið á baugi hverju sinni, bæði er varða beint stéttabaráttuna á Íslandi og einnig ástandið í heiminum. Meðlimir sellunnar hafa haldið áfram námi í vísindum sósíalismans og hafði einnig í gangi grundvallarnámshring í marxismanum-lenínismanum, sem leiddi til þess að hægt var að stofna deildina. Þá hefur sellan haldið uppi öflugu stuðningsstarfi, þar sem stuðningsmenn samtakanna hafa numið reglulega útgáfuefni þeirra og verið virkir í dreifingu þess. Viðtökur verkafólks við áróðri okkar hafa verið góðar, enda er stór hluti bæjarbúa verksmiðjuöreigar. En viðbrögð annarra flokka og samtaka hafa verið á annan veg, og á okkur hafa verið gerðar heiftarlegar árásir, aðallega af þeim skríl sem fyllir flokk Hannibals hér í bæ.

Verkafólk! Fylkið ykkur um KSML og takið þátt í undirbúningsstarfinu fyrir uppbyggingu kommúnistaflokks!

Varaformaður Dagsbrúnar reyndist harðasti talsmaður atvinnurekenda gegn kranamönnum

Í síðasta tölublaði STÉTTABARÁTTUNNAR sögðum við frá kjarabaráttu steypukranamanna og höfðum viðtal við einn þeirra. Það sem síðan hefur skeð í málum þeirra er, að þegar þeir hótuðu yfirvinnubanni var umsvifalaust boðað til samningafundar með þeim, þar sem gengið var að öllum kröfum. Þetta var auðvitað mjög mikilvægur árangur fyrir steypukranamennina, en þó var annað margfalt mikilvægara, að á þessum fundi fengu þeir staðfestingu á því sem áður hafði verið sagt um verkalýðsforystuna í Dagsbrún, þ.e.a.s. að henni léti betur að þjóna kapítalistunum en verkamönnunum.

Á samningafundinum skiptust liðin þannig, að öðru megin stóðu verkamennirnir, en hinu megin eigendur steypukrana, steypustöðva og varaformaður Dagsbrúnar, Guðmundur J., sem reyndist eins og við var búist, helsti talsmaður arðræningjanna. Helsta baráttumálið á fundinum var að fá samþykki fyrir því, að matartíminn skyldi borgaður, ef hann væri unninn og að fá fellt niður ákvæðið um að þeir væru skildaðir að vinna matartímann, ef verkkaupi æskti þess. Og eins og við var að búast var Guðmundi J. telft fram af hálfu atvinnurekenda til að berjast gegn því, að þetta ákvæði yrði fellt niður, í krafti þeirrar röksemdarfærslu, að það næði engi átt að steypan yrði stöðvuð til að verkamennirnir gætu fengið sér að borða. Já, hann átti tæpast orð til að lýsa hneykslun sinni á jafn "ósvífinni" kröfu og þeirri, að "nokkrir" kranamenn gætu stöðvað vinnu fjölda annarra verkamanna (lesist: stöðvað í klukkutíma milljónagróða steypistöðvakapítalistanna). Já, herra Guðmundi J. lætur betur að vinna fyrir hagsmuni hinna ríku heldur en verkalýðsins.

Auðvitað gera verkamennirnir sér grein fyrir því, að steypusalan stöðvast ef þeir ekki vinna, það er einmitt mergurinn málsins, en hverjir skyldu nú tapa á því. Ekki geta það verið verkamennirnir, því það er jú þannig í kapítalismanum, að allar hagfræðiútskýringar borgarastéttarinnar ganga út á það, að kapítalistinn hafi keypt vinnuafl verkamannanna í heilan dag og gegnum baráttu hafa verkamennirnir fengið kapítalistana til að gangast inn á það, að verkamennirnir eigi rétt á matartíma.
En nú ætlar Guðmundur J. að afnema þessi réttindi og fyrir hverja? Það er ekki fyrir neina aðra heldur en eigendur steypistöðvanna Breiðholt h/f, Víglund Þorsteinsson hjá B. M. Vallá og Steypustöðina h/f, sem rak alla verkamenn heim þegar vinna dróst saman í vetur, menn sem hafa unnið í mörg ár á lagmarkslaunum hjá þessu fyrirtæki.

En verkamennirnir létu hvorki steypustöðvakapítalistana né varaformann Dagsbrúnar beygja sig, þó þeir legðust á eitt til að tvístra samstöðunni með mútum og hótunum. Á samningafundinum gerði Guðmundur J. lokatilraun til að kljúfa kranamennina í þessari deilu með því að hræða helstu talsmenn verkamanna með að þeir stæðu einir og engin

ástæða væri því fyrir kapítalistana að taka nokkurt mark á þeim. En steypukranamennirnir voru allir mættir á þennan fund og tóku af öll tvímæli um, að þeir stæðu allir saman í þessari baráttu.

Hvernig steypukranamennirnir skipulögðu sig og hverja þeir áttu undir högg að sækja, eru þau tvö atriði sem hljóta fyrst og fremst að vera skólandi fyrir aðra hópa verkamanna, er neyddir eru út í baráttu gegn eigin kapítalistum.

1. Fyrst var kannað af hálfu baráttthörðustu verkamannanna, hvort það væri eining um að hefja baráttu fyrir launabótum. Þetta er mikilvægasta undirbúningsatriðið og var mjög vel framkvæmt af hálfu steypukranamanna. Síðan héldu þeir fund þar sem skipuð var undirbúningsnefnd og kröfurnar mótaðar. Einnig létu þeir ganga lista þar sem þeir skrifuðu undir samþykki sitt við kröfurnar, sem settar voru fram í baráttunni.

2. Þeir skipulögðu sig sjálfstætt og gerðu samfylkingu neðan frá. Þetta sýndi sig líka vera forsendurnar fyrir sigri þeirra. Með því að leita aðeins samstarfs meðal verkamannanna sjálfra, samfylktu þeir neðan frá og með því að kjósa aðeins verkamenn frá vinnustöðunum í undirbúningsnefnd, skipulögðu þeir sig sjálfstætt, utan við uppkeyptu forystuna í verkalýðsfélaginu. Þetta er einmitt kjarninn í því hvers vegna þeir gátu unnið sigur í þessari skæru milli launavinnu og auðmagns.

3. Það var einnig mjög mikilvægt, að þeir gerðu sér strax grein fyrir, að þeir gætu einskis vænst af uppkeyptu forystunni í verkalýðsfélaginu. Þetta kom líka greinilega í ljós á samningafundinum, þar sem fulltrúi verkalýðsfélagsins, Guðmundur J., reyndi allt sem hann gat til að koma í veg fyrir samstöðu verkamannanna.

Þessi atriði hafa fært verkamönnum vissa mikilvæga reynslu um, að þeir geti einskis vænst af uppkeyptu forystunni í verkalýðsfélaginu, sem reynir stöðugt að færa þá í klafa kapítalíska þjóðfélagsskipulagsins og að þeir verði að skipuleggja sig sjálfstætt. En hvers má ekki vænta af verkamönnum, sem hafa í gegnum áratuga baráttu lagt svo mikið á sig í baráttunni gegn kapítalistum - eða svo notuð séu orð Friðriks Engels, er hann skrifar um verkföll verkamanna í Englandi:

"Fólk, sem þolir svo miklar þjáningar til að koma einum skítnum borgara á kné mun takast að brjóta á bak aftur veldi allrar borgarastéttarinnar."

Sagan hefur sýnt, að þessi orð hafa reynst sannspá, þegar verkamennirnir taka að skipuleggja sig gegn gjörvöllum kapítalismanum.

Verkamenn! Skipuleggjum okkur í kommúnísk samtök, tökum þátt í byltingarstarfi KSML!

GA

Frá Rúntalsellu KSML

„að lífga kalinn kvist“

Öllum mun nú vera orðið ljóst að árangur síðustu kjarasamninga verkalýðsfélaganna er að engu orðinn. Allar launahækkanir eru fyrir löngu upp étnar. Hver og einn fulltrúi fyrir hina borgaralegu flokka kappkostar jafnvel að útmála þetta á opinberum vettvangi, en að vanda kenna þeir hverjir öðrum um. Þetta er í sjálfu sér ekkert nýnæmi fyrir verkalýðinn, því svona hefur alltaf orðið að samningum loknum.

En hvað gerist á milli einstaka kapítalista og launaþræla hans? Það er ekki alltaf ljóst, en hér í Rúntal-ofnum höfum við okkar dæmi. Við samningana hækkuðu laun aðeins um rúm 14% að meðtöldum vísitölubótum, en áttu að hækka um 26%. Þarna er greinilega um sérstaklega ósvífna viðleitni kapítalistans að ræða til að herða klærnar að hálsi þeirra, sem með hörðum höndum hafa skapað þau verðmæti er sjá honum fyrir þægilegu og skemmtanaríku lífi, hvar á jörðu hann óskar sér að vera. Það þarf engan að undra þó að verkamenn hafi svarað þessu með einörðum mótmælum. Til að byrja með var leitað eftir leiðréttingu hjá Iðju. Hún reinaði út laun, sem voru í samræmi við hækkanir annars staðar. Svo kom til kasta Rúntal-ofna, sem náttúrlega neituðu að borga þetta, en komu í staðinn með eitthvað mitt á milli og sögðu það vera rétt. Það féllust verkamenn ekki á, en leituðu til Iðju aftur.

Nú gengu málin milli Iðju, Félags íslenskra iðnrekenda og Rúntal-ofna, þar til allt var komið í strand. Iðja svaraði okkur því til, að hún liti þannig á, að það væri rétt að við fengjum sömu hækkanir og aðrir, en af því að um væri að ræða jafnaðarkaup, þá væri þetta fyrir utan hennar verksvið, þar sem hún hefði aldrei samið um jafnaðarkaup. Þar með höfðum við fengið það fram, að ef við ætluðum að fá fulla prósentugreiðslu á öll laun, yrðum við að beita skipulögðum aðgerðum á grundvelli samstöðu okkar. Kosin var samninganefnd og boðað til verkfalls. Til þess kom þó ekki, þar sem fallist var á hækkunina, að því breyttu, að jafnaðarkaupið var lagt niður og upptekið venjulegt greiðslufyrirkomulag: dagkaup, eftirvinna og næturvinna.

Hver var þá annar árangur af þessari baráttu? Jú, verkamenn þeir sem hingað til hafa litið á verkalýðsfélagið sem áhrifamesta og æskilegasta tækið til að gæta hagsmuna þeirra, fengu nú að reyna það. Iðja taldi sig ekki geta náð neinum árangri með löglegum aðferðum og ólöglegum aðgerðum tæki hún ekki þátt í. Þarna kemur fram hlutlaus afstaða Iðju, þegar Birgir Þorvaldsson, eigandi Rúntal, hugðist framkvæma stórfellda kjaraskerðingu á okkur. Nú var þetta dæmi um afstöðu Iðju fyrir okkur kommúnistana sem vinnum í Rúntal, staðfesting á því sem við höfum áður sagt, en fyrir hina verkamennina er það vekjandi til meðvitundar um samtakamátt.

Það er í rauninni fáránlegt að þurfa að fara í verkfall til að fá laun samkvæmt samningum, en það er einmitt fáránlegt af því að við lifum í fáránlegu þjóðfélagi.

Við vitum að öll kjarabarátta innan ramma auðvaldsþjóðfélagsins er varnarbarátta. Við vitum að úr hverju einasta skúmaskoti þessa rotnandi auðvaldsþjóðfélags eigum við von á árás. Við vitum að án gagnárásar verður næsta árás enn harðari.

Niðurstaða okkar er því söm og annarra kommúnista. Þörfin á því að brjóta niður þá rotnuðu þjóðfélagshætti sem við búum við, er orðin það knýjandi, að enginn sem á því hefur skilning, getur legið á liði sínu lengur. Það má enginn láta sig henda þau mistök að gleyma sér við kjarabæturnar og endurbæturnar. Því ber skylda til að vinna meðvitað kommúnskt starf í námi á marxismanum, námi á öllum aðstæðum í stéttabaráttunni á Íslandi. Byggja þarf grunnsellur á vinnustöðum. Hrífa þarf með allan meðvitaðasta hluta verkalýðsins, gera hann enn meðvitaðri, byggja upp kommúnistaflokk, raunverulega framvarðarsveit, er leitt geti baráttu verkalýðsins til

sigurs í hinni sósíalísku byltingu á Íslandi.

Félagar! Um leið og við skorum á ykkur að koma í stuðnings- og námsstarf hjá KSML, sendum við ykkur baráttukveðjur með vísunni um klerka þjóðkirkjunnar, sem á nákvænlega jafnvel við endurbótaprestana Ebba og Runka.

Auði þjónar þeirra vist
þar er byggt á sandi,
því að lífga kalinn kvist
kann að reynast vandi.

Rúntalsella KSML

Landsráðstefna KSML um verkalýðsmál

12. apríl síðastliðinn héldu Kommúnistasamtökin marxistarnir-lenínistarnir landsráðstefnu um verkalýðsmál í Reykjavík. Ráðstefnan var kölluð saman til að skipuleggja fræðilegu baráttuna um ríkisvaldið og starfið innan verkalýðsfélaganna og skapa henni grundvöll til að geta þróað hana áfram á réttan hátt.

Meirihluti miðstjórnar lagði fram skýrslu, sem og minnihlutinn, og ennfremur voru niðurstöður fræðilegra umræðna í öllum sellum samtakanna fluttar af sellumeðlimum. Að loknum flutningi skýrslanna hófust hópaumræður. Þar settu báðir aðilar fram skoðanir sínar og skýrslur sella og miðstjórnar voru ræddar. Að síðustu fóru fram almennar umræður og að þeim loknum var gengið til atkvæðagreiðslu um tillögur að ályktun ráðstefnunnar. Full samstaða um afstöðuna til ríkisvaldsins og verkalýðsfélaganna náðist ekki, eins og kemur fram í ályktun ráðstefnunnar, og mun fræðilega baráttan því halda áfram í málgögnum samtakanna, fyrst og fremst Rauða fánanum.

Ráðstefnan lyfti fræðilegu umræðunum upp á hærra stig og setti þeim fastan grundvöll á marxismanum-lenínismanum. Einkennandi var, að allir sem sæti áttu á ráðstefnunni tóku fullan þátt í umræðunum og að félagarnir voru óragir við að afhjúpa skoðanaágreininginn og staðráðnir í að leita lausnar á þeim mótsetningum sem hafa ráðið í afstöðunni til ríkisvaldsins og verkalýðsfélaganna. Um afstöðu ráðstefnunnar má lesa í ályktun, sem birtast mun í 1. tbl. Rauða fánans ´74, er kemur út í þessum mánuði.

Ekki er ólíklegt, að fjandmenn kommúnismans í röðum borgaralegu sósíalistanna og smáborgaranna í Fylkingunni glotti við tönn og gleðjist yfir skoðanaágreininginum innan samtakanna, en slík afstaða myndi þá aðeins afhjúpa borgaralegu rotnunina í flokkum og samtökum þeirra, þar sem heiðarleg og opinská fræðileg barátta er bannfærð og félagarnir mega annað hvort ekki láta í ljós skoðanir sínar eða (eins og í dæmi Fylkingarinnar) samtökin þora ekki að taka afstöðu út á við, af ótta við að fæla burt "atkvæði."

Við kommúnistar óttumst hins vegar ekki sannleikann, hversu bitur sem hann kann að vera - annars værum við ekki kommúnistar.

Hvað er að gerast í Eþíópíu?

Hefur "ljónið frá Júda", þ.e. Haile Selassie Eþíópíukeisari misst klærnar? Hermannauppreisnin sem hófst í Asmara, höfuðborg Eriteru, hefur nú breiðst út um allt landið. Og í dag hafa stórir hlutar landhers, flughers og flota tekið þátt í henni. Yfirhershöfðingi keisarans hefur verið tekinn höndum og keisarinn hefur neyðst til þess að reka ríkisstjórn sína.

Hvað er að gerast í Eþíópíu og hverjaru orsakir núverandi ástands?

Eþíópía hefur verið mikið í fréttum fjölmiðla frá því síðla árs 1973. En það var ekki ástandið innan hersins, sem vakti athygli, heldur var það ástandið í sveitum landsins þar sem hungursneyð hefur krafist þúsunda fórnarlamga.

Hungursneyðin hefur verið verst í héruðunum Tigre og Wollo þar sem eru um 3-4 milljónir íbúa. Fjöldi dauðsfalla hefur verið gífurlegur, á vissum svæðum hefur allt að 70% íbúanna soltið til bana eða neyðst til að yfirgefa heimili sín. Til þess að eiga fyrir mat hefur fjöldi bænda neyðst til að selja jarðir sínar fyrir mjögt lágt verð. Hinir ríku lénsherrar og ýmis erlend fyrirtæki hafa reynst ákafir kaupendur.

Eignaskiptingin í Eþíópíu er dæmigerð fyrir land þar sem lénsskipulag ríkir. 65% jarðnæðisins er í eigu lénsherranna, 20% er í eigu kirkjunnar og um 4-5% í eigu erlendra fyrirtækja. Um það bil tveir þriðju ræktaðs lands er í eigu tæplega 1% af íbúum landsins.

Þessi eignaskipting er grundvöllur fyrir því að hungursneyð hefur ríkt í Eþíópíu með fjöng

í Eþíópú með jöfnu
í Eþíópíu með jöfnu millibili. Meirihluti þjóðarinnar lifir nú "venjulegu" lífi sínu á mörkum hungursins. Ungbarnadauði er um 25% og meðalaldur er ekki nema 35-40 ár.

Hvert er sambandið á milli hungursneyðarinnar og hermannauppreisnarinnar?

Skorturinn á matvælum og öðrum nauðsynjum í landinu hefur leitt af sér gífurlegar verðhækkanir. Ástandið hefur versnað bæði hjá íbúum sveita og borga - einnig hefur það haft áhrif á kjör hermanna í her keisarans, laun þeirra hafa lækkað við vöruverðshækkanirnar.

Þetta er orsök uppreisnarinnar innan hersins, hermennirnir hafa krafist hærri launa, en keisarinn hefur ekki hlustað á óskir þeirra. Óánægjan með launin, sem hafa ekki hrokkið til framfærslu fjölskyldna hermannanna, hefur lengi legið í loftinu og nú orðið að opinni uppreisn.

Hver mun verða árangur uppreisnarinnar? Verður keisaranum steypt af stóli? Hver mun stefna Eþíópíu verða?

Þetta eru spurningar, sem vakna út frá núverandi ástandi - spurningar sem ekki er hægt að leysa úr sem stendur. Það eru mörg atriði sem gera ástandið flókið, við bendum hér á nokkur þeirra:
- Eþíópía hefur verið mjög virkt afl innan OAU - Einingarsamtaka Afríkuríkja. Þannig hefur landið unnið að því að styrkja samstöðu Afríkuríkjanna gagnvart heimsveldunum.
- Eþíópía er í nánum tengslum við USA-heimsvaldastefnuna, sem hefur mjög mikilvæga fjarskiptastöð í Eritreu og fylgist þaðan með ferðum sovéska flotans á Indlandshafi. Her Eþíópíu er byggður upp og þjálfaður af bandarískum og ísraelskum hernaðarsérfræðingum.
- Sovétríkin hafa á undanförnum árum sótt á í Suður-Asíu og Vestur-Afríku. Sósíalheimsvaldasinnarnir hafa flotastöðvar í Sómalíu, S-Jemen, Tansaníu, Egyptalandi og víðar. Einnig hafa þeir seilst til áhrifa í nágrannaríki Eþíópíu, Súdan.
- Í nyrsta héraði Eþíópíu, Eritreu,

hefur árangursrík frelsisbarátta átt sér stað mörg undanfarin ár. Íbúar Eritreu eru kúgaður minnihlutaþjóðflokkur.

Þessi mismunandi atriði vekja ýmsar spurningar. Hvaða áhrif hefur uppreisnin á hlutverk Eþíópíu innan OAU? Mun Eþíópía taka afstöðu gegn báðum risaveldunum ef keisaranum verður steypt af stóli? Hver verða áhrif ástandsins á baráttuna í Eritreu?

Við munum taka upp þessar spurningar - og svörin - seinna í blaðinu þegar ástandið hefur skýrst. (úr Proletären)

„verkamennirnir stóðu saman"

Eftir síðustu samninga hafa augu æ fleiri verkamanna opnast fyrir þeim sannleika, að verkalýðsforystan er ekkert annað en mútuþegar og handbendi atvinnurekenda. Það traust sem verkamenn settu áður á ASÍ-forystuna fer þverrandi í takt við þær kjaraskerðingar sem samningarnir fela í sér. Stöðugt oftar reyna verkamenn á fjölda vinnustaða það, hvernig "verkalýðsforingjarnir" láta hagsmuni kapítalistanna ganga fyrir hagsmunum einstakra verkamanna. Eina trygging og eini möguleiki verkamanna til að ná fram kröfum sínum er að standa saman, taka málin í eigin hendur og treysta ekki á broddana, því þeir munu svíkja.

En skilningur verkamanna fer vaxandi á því líka, að kauphækkanir og umbætur á kjörum eru í sífellu étnar upp, að svo lengi sem auðvaldið ræður, er ómögulegt að ná nokkrum varanlegum umbótum fyrir stétt þeirra. Þessir verkamenn hafa þegar skilið nauðsyn þess, að sameinast í pólitískan flokk stéttarinnar, sem geti leitt alla baráttuna í heild og haft yfirsýn og stjórn á sérhverjum þætti hennar. Slíkir verkamenn eru þegar í dag meðvitaðir framverðir stéttar sinnar, frumkvöðlar í baráttunni fyrir sósíalísku byltingunni.

Hér á eftir fer stutt viðtal við Jón Carlsson, verkamann, þar sem hann setur skýrt fram afstöðu sína til þeirra verkefna, sem standa frammi fyrir verkalýðnum í dag, þegar upplausnin er að grípa um sig í íslenska auðvaldsþjóðfélaginu.

- Hvaða afstöðu hefur þú til KSML með tilliti til starfs samtakanna hjá Runtal-ofnum h/f?

- Ég er mjög hlynntur pólitík samtakanna og tel að starf félaga KSML hér hjá Runtal hafi borið góðan árangur og hefur aukið stéttarmeðvitund verkamanna þar.

- Hvernig finnst þér að kjarabarátta sú, er háð var í Runtal, hafi tekist?

- Ég tel, að hún hafi tekist mjög vel vegna þess að verkamennirnir stóðu saman og tóku samningsréttinn í sínar hendur.

- Hvernig fannst þér afstaða verkalýðsforystunnar?

- Hún sýndi sitt rétta andlit í þessu máli með því að neita að taka þátt í þessari kjarabaráttu. Þeir (á skrifstofunni) afsökuðu sig með því að ekkert stæði um yfirborganir í samningunum. Í því sambandi þætt mér gaman að vita til hvers væri verið að gera samninga, sem enginn getur unnið eftir, vegna þess að þá sveltur maður bara.

- Þá langar mig að spyrja þig um álit þitt á samningunum í mars.

- Ég tel þá vera stórkostlega kjararýrnun, því í kjölfar hennar fylgdu gífurlegar verðhækkanir. En það er ekki við öðru að búast í auðvaldsþjóðfélagi, þar sem verkalýðsforystan þjónar ekki hagsmunum verkalýðsstéttarinnar heldur auðvaldinu.

- Að lokum: Hvert telur þú vera brýnasta verkefni verkamanna í dag?

- Brýnasta verkefnið er að starfa markvisst að sósíalískri byltingu. RL

Borgararnir sammála um að:

„Fasismi er betri en sósíalismi"

Hugmyndafræðileg hervæðing afturhaldsins færist í aukana. Ekki bara Morgunblaðið og Vísir, heldur einnig Þjóðviljinn og Fylkingar-Neisti ausa óhróðri yfir alræði öreiganna í Kína og Albaníu. Mismunurinn er aðallega fólginn í því, að "vinstri" blöðin tvö, Þjóðviljinn og Neisti, ráðast gegn Kínverska Alþýðulýðveldinu, pólitík þess og utanríkisstefnu, undir því yfirskyni, að þeirra eigin "sósíalismi" sé langtum "lýðræðislegri", "alþýðlegri" og aðgengilegri fyrir borgarastéttina heldur en einstrengislegur réttlínumarxismi Albana og Kínverja. Íhaldspressan eys hins vegar óspart af þekkingarbrunni "virtra, útbreiddra og sérlega áreiðanlegra" tímarita, sem gefin eru út af bandarískum blaðaeinokunarhringum. Morgunblaðið hefur áhyggjur af því, að "bestu menn verkalýðsbyltingarinnar í Sovétríkjunum, eins og Trotsky, Bucharin o.fl." hafi fallið fyrir hendi Stalínistanna. Það má nærri geta hvers konar "kommúnistar" eiga upp á pallborðið hjá Morgunblaðsíhaldinu, en margir af leiðandi mönnum þess vöndust blaðamennskunni í ofstækisskrifum gegn kommúnismanum og fyrir nasismann á 4. áratugnum. Það er áreiðanlega engin tilviljun, að sömu menn, Trotsky, Bucharin o.fl. voru á mála hjá leyniþjónustu Hitlers.

Günter Grass og fasisminn.

Í ónafngreindri grein í Morgunblaðinu 21. mars s.l. er vitnað í orð þýska rithöfundarins G. Grass, þar sem hann segir, "að meðan skuggi Stalíns og ekki aðeins hans, heldur líka skuggi Leníns, grúfði yfir kommúnistum, gætu sósíalistar og sósíaldemókratar ekki starfað með þeim."

Sami rithöfundur lætur hafa eftir sér að fasisminn sé betri en Stalínisminn. Ég dreg ekki í efa, að G. Grass er verðugur fulltrúi fyrir sósíaldemókrata heimsins, þegar hann afhjúpar raunverulegt inntak skoðana sinna með því að segja, að fasisminn sé betri en stalínisminn.

Þeir verkamenn, sem létu lífið í eyðingarbúðum Hitlers eða þrælabúðum þýsku einokunarkapítalistanna H. Stinnes og Krupps, eru áreiðanlega á öðru máli, sömuleiðis held ég að rússneski verkalýðurinn, sem 1917 sneri baki við þjóðrembingssósíalistum síns lands og fylgdu kalli Leníns og Stalíns, sé á öðru máli, hálf milljón júgóslavneskra verkamanna, hundruðir þúsunda ítalskra, albanskra, rúmenskra, ungverskra, búlgarskra, og svo mætti halda áfram að telja, verkamanna, sem létu lífið fyrir böðulssveitum Hitlers, hafa sennilega aðra reynslu af fasismanum, sem Grass rómar. Og ástæðan fyrir því er einfaldlega sú, að sósíalistar af sauðarhúsi Grass, eru borgaralegir sósíalistar, "sósíalistar", sem hafa svikið verkalýðinn á fyrirlitlegan hátt og gengið hinu myrðandi auðvaldi svo rækilega á hönd, að þeir taka blygðunarlaust upp hanskann fyrir viðbjóðslegustu mynd hins borgaralega alræðis, fasismann.

Árásir á ríki, leiðtoga og hagsmuni verkalýðsins.

Það er engin nýlunda, að alls kyns auðpakk og leigupennar borgaranna ráðist á J. Stalín, sem um áraraðir leiddi uppbyggingu sósíalismans í Sovétríkjunum og stéttabaráttu öreiga og kúgaðrar alþýðu heimsins.

Morgunblaðið gengur svo langt í taumlausri aðdáun sinni á slíkum "sósíalistum", sem svo óþvegið dýrka hið borgaralega alræði, að þeir aðhyllast frekar fasisma en kommúnisma, að það birtir tilvitnun í Liberation, blað, sem franski nobelsverðlaunahafinn Sartre ritstýrir í anda sama "sósíalismans": "Er vírus í marxískum og lenínískum

hugsunarhætti?"...."hvers vegna breytast svo margir félagar í löggur í nafni Marx og Lenins?"
Og Morgunblaðið heldur áfram:
"Þessi orð standa í dagblaði, sem eitt allra blaða í Frakklandi ver í alvöru rétt verkamanna gegn vinnuveitendum og flokksbroddunum."

Nú er bleik brugðið, hugsar sjálfsagt margur. Síðan hvenær hefur Morgunblaðið tekið upp á því að lofsama blöð, sem verja hagsmuni verkalýðsins í alvöru?? Hvenær urðu þessi umskipti frá stækri afturhaldspólitík, sem stundum jaðrar við fasískt ofstæki?? Eða eru kannski einhverjir maðkar í mysunni? Er því ekki frekar þannig farið, að pólitík Liberation er samhljóma pólitík Morgunblaðsíhaldsins ef betur er að gætt?

Alla vega talar Grass mjög í anda Morgunblaðsins, þegar hann segir:

"Ég neita að skrifa undir mótmæli gegn glæpum gegn mannkyninu í fasistalöndunum á sama blaði og rithöfundar sem neita að láta tilsín heyra þegar sömu glæpir eru drýgðir í sósíalistalöndunum."
Eða blaðið Liberation, sem krefst jafns réttar allra, alls staðar:
"Liberation gengur svo langt að draga Kína inn í málið og líkja herferðinni gegn Solzhenitsyn við baráttuna gegn Lin Piao."
M.ö.o. Lin Piao, sem gerði tilraun til að myrða leiðtoga kínversku alþýðunnar og sölsa undir sig völdin í alræði öreiganna í því skyni, að koma Kínverjum aftur undir kúgun og arðrán heimsvaldastefnunnar, er settur á bekk með fórnarlömbum fasismans úr verkalýðsstétt. Hvílíkur "sósíalisti"!

-/kg

1.MAÍ ÁVARP frh.

Í samræmi við þessar staðreyndir reisa Kommúnistasamtökin marxistarnir-lenínistarnir vígorð sín í dag. 1. maí er alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins og það er á þeim degi, sem verkalýðurinn dregur saman reynsluna af baráttu sinni á yfirstandandi tímabili og fylkir sér undir þær kröfur, er honum finnst áhrifaríkastar í þágu hagsmuna sinnar stéttar. Hverjir eru svo valkostir verkalýðsins 1. maí í ár? Annars vegar er blekkingarvæl verkalýðsaðalsins í fulltrúaráði verkalýðsfélaganna og lýðskrum Alþýðubandalagsforystunnar og endurbótasinnaðar kröfur "Rauðrar verkalýðs"einingar um "gott og farsælt" auðvaldsþjóðfélag - hins vegar eru byltingarsinnuð vígorð Kommúnistasamtakanna m-l, sem í ár ganga undir nafninu RAUÐUR FRAMVÖRÐUR.

Verkamenn! Kjarabaráttan mun aldrei leiða til varanlegra umbóta í þessu rotna þjóðfélagi né sigurs yfir kapítalismanum. Til þess að geta lifað mannsæmandi lífi og skapað hagsæld og velmegun okkur og börnum okkar til handa, skapað raunverulegt lýðræði, verðum við að steypa alræði borgarastéttarinnar í vopnaðri byltingu undir forystu kommúnísks flokks og byggja upp sósíalískt þjóðfélag. Slíkur flokkur er ekki til í dag, en KSML hafa sett sér það sem höfuðverkefni að byggja kommúnistaflokk að lenínískri fyrirmynd, skipulagðan af meðvituðustu verkamönnunum, framvarðarsveit verkalýðsins, leiðtoga stéttarinnar í fræðilegu, efnahagslegu og pólitísku baráttunni. Slíkur flokkur verður að ná til alls þorra verkalýðsins. Við verðum þess vegna að stofna kommúnískar sellur á vinnustöðunum í þeim tilgangi að gera hverja verksmiðju, hvern vinnustað, að vígi fyrir sósíalismann. En það eitt nægir ekki. Til þess að tengja flokkinn við allan þorra verkalýðsins verðum við að starfa innan verkalýðsfélaganna, sem nauðsynlegum fjöldagrundvelli fyrir flokkinn að byggja á. Við verðum að kasta endurbótasinnuðu skriffinnunum og uppkeyptu "verkalýðsleiðtogunum" út úr verkalýðsfélögunum til að gera þau að raunverulegum baráttutækjum í þágu verkalýðsstéttarinnar og sósíalismans.

Verkamenn! Fylkjum okkur undir merki RAUÐS FRAMVARÐAR 1. maí!

STÉTT GEGN STÉTT!

Allende – djarfur baráttumaður fyrir lýðræði

"Með hverjum hætti þessu markmiði verður náð, er auðvitað ekki undir hreyfingunni einni komið, en hún getur unnið að því, að það gerist friðsamlega. Til þess eru að sjálfsögðu því meiri líkur, sem lýðræðislegir stjórnarhættir eru rótgrónari og aðstaða yfirstéttarinnar til beinnar valdbeitingar erfiðari." (Tilvitnun tekin úr "Drög að stefnuskrá fyrir Alþýðubandalagið, bls. 5).

Þessar tvær setningar er mjög mikilvægt að rannsaka með tilliti til þróunarinnar í Chile. Vegna þess að okkur hefur orðið á þau mistök að skoða atburðina of einhliða, þ. e. a. s. litið á Allende forseta sem svikara við verkalýðsstéttina, sem tælt hafi hana til stuðnings við innlenda borgarastétt, en ekki fórnarlamb í baráttu innlendrar borgarastéttar gegn bandaríska einokunarauðvaldinu og innlendum leiguþýum þess. Þrátt fyrir alla þá galla, sem einkenna baráttumann fyrir borgaralegum réttindum, þá verðum við að líta á hann sem djarfan baráttumann fyrir lýðræðislegum réttindum, sem að lokum lét lífið í baráttunni gegn hinu svartasta afturhaldi.

En hverjir eru þá hinir raunverulegu svikarar sem fórnuðu Allende? Raunverulegu svikararnir eru endurskoðunarsinnarnir í Kreml, skoðanabræður þeirra í Chile, taglhnýtingar þeirra á Íslandi (Alþýðubandalagið) o. fl. Kenningar þeirra um friðsamlega þróun og leið þingræðisins, fórnuðu ekki aðeins Allende, heldur eru þeir einnig ábyrgir fyrir – þó aðeins tímabundnu – hertu arðráni og kúgun á verkalýðnum í Chile. En rangt væri að líta á atburðina í Chile sem algeran ósigur fólksins. Þessi ósigur var fyrst og fremst dýrkeypt, en um leið ómetanleg reynsla; Þessi ósigur sýndi aftur á móti fram á algert gjaldþrot þeirra (bæði hér á Íslandi og annars staðar), sem líta á friðsama leið þingræðisins sem hina einu sönnu og réttu leið.

Til þess að bæði félagar og aðrir lesendur geti betur áttað sig á þessari þróun í Chile, birtum við hér nokkur atriði úr skýrslu frá albanska verkamannaflokknum, sem birtist í Albania Report.

"Við skulum ekki einblína á einstaka bresti og mistök við ákveðin tilfelli úr byltingunni í Chile. Þess í stað skulum við fjalla um algild lögmál byltinga, sem ekki má horfa framhjá og sérhver byltingarsinni verður að rannsaka. Við verðum að sýna fram á, hvað var rétt og hvað rangt við fræðikenningu og starf byltingarinnar í Chile, hvaða fræðikenningar voru tækifærissinnaðar, hvaða fræðikenningar voru í þágu byltingarinnar og hvaða fræðikenningar í þágu gagnbyltingar.

Má þar fyrst nefna, að stjórnartími Allendes var ekki glataður tími. Það er ekki hægt að slíta þetta tímabil út úr lífi Chilebúa eða sögu Rómönsku Ameríku. Þjóðfylkingarstjórnin varð tákn fyrir óskir hins mikla fjölda. Henni tókst að styrkja hið þjóðlega frelsi og sjálfstæði og kom á sjálfstæðri þróun efnahagslífsins.

Framfarasinnað og andheimsvaldasinnað takmark.

Innlenda auðvaldið og bandaríska einokunarauðvaldið, sem réðu yfir landinu biðu mikla ósigra fyrir þessari stjórn. Þessi framfarasinnaða og andheimsvaldasinnaða stefna var leidd af Allende forseta, sem var göfugur föðurlandsvinur og baráttumaður fyrir lýðræði. Chileanska þjóðin barðist fyrir jarðarumbótum, þjóðnýtingu erlendra fyrirtækja, fyrir auknu lýðræði

innanlands og frelsi Chile undan yfirráðum Bandaríkjanna.

Allende studdi andheimsvaldasinnaðar frelsishreyfingar í Suður-Ameríku og Chile varð hæli fyrir allar útlægar frelsishetjur. Hann studdi andheimsvaldasinnaðar hreyfingar, sérstaklega í Víetnam, Kambodíu, Palestínu og víðar.

Gagnbyltingarsinnaðar tilraunir voru óhjákvæmilegar.

Gátu jarðeigendur í Chile horft aðgerðalausir á land sitt hverfa? Gátu verðsmiðjueigendur í Santiago horft aðgerðalausir á verksmiðjurnar hverfa undan stjórn þeirra? Gátu bandarísk fyirtæki gefið eftir völd sín og gróða á friðsaman hátt? Á því gat ekki leikið nokkur vafi, að sá dagur myndi koma, að þau tækju höndum saman til þess að sigrast á þjóðfylkingunni. Sá Allende ekki þær afturhaldssömu áætlanir, sem gerðar voru gegn honum? Auðvitað sá hann þær. Afturhaldið starfaði fyrir opnum tjöldum. Það myrti ráðherra og aðra embættismenn, pólitískt virka og almenna verkamenn. Þeir skipulögðu gagnbyltingarsinnuð verkföll vörubifreiðaeigenda, kaupmanna, lækna og aðra klæki smáborgarastéttarinnar. Þeir reyndu einnig valdarán í júní (sem misheppnaðist). Einnig komst upp um nokkrar ráðagerðir CIA um að velta ríkisstjórninni úr sessi.

Byltingarsinnað ofbeldi var nauðsynlegt.

Þessar árásir hefðu átt að kveikja á viðvörunarbjöllum. Þær hefðu átt að gera virkt mikilvægasta lögmál sérhverrar byltingar, að gagnbyltingarsinnuðu ofbeldi verður að mæta með byltingarsinnuðu ofbeldi. En Allende forseti gerði ekkert, hann hreyfði sig ekki. Hvers vegna? Ekki vegna skorts á hugsjón eða hugrekki. Hann trúði heilshugar á málefni sitt, hann var hið göfuga fórnarlamb. Harmleikur hans fólst í því, að hann trúði því, að hann gæti með fortölum fengið afturhaldið til að láta af hendi sína hagstæðu aðstöðu af frjálsum vilja.

Margir í Chile trúðu því, að hinar gömlu lýðræðislegu venjur, þingið, löglegu stjórnmálaflokkarnir, frjálsu blöðin o.s.frv. myndu gera afturhaldinu ómögulegt að grípa til ofbeldis.

En atburðirnir hafa sannað hið gagnstæða. Borgarastéttin leyfir takmarkað frelsi, svo lengi sem það ógnar ekki grundvallarhagsmunum hennar. Chileanska þjóðin beið þjáningarfullan ósigur, en hann er aðeins tímabundinn. Þrátt fyrir morð og fangabúðir er ekki hægt að uppræta frelsisandann og verkalýðsfjöldinn mun halda baráttunni áfram og læra af reynslunni. Það skiptast á skin og skúrir í frelsisbaráttunni. Hún er barátta á mörgum vígstöðvum og chileanska þjóðin mun halda baráttunni áfram og sigra að lokum.

Fræðikenning endurskoðunarsinna í svaðinu.

En það sem er tímabundinn ósigur fyrir chileönsku þjóðina er algert skipbrot fyrir nútíma endurskoðunarsinna og tækifærissinnaðar kenningar þeirra. Í fyrstu bentu endurskoðunarsinnarnir frá Moskvu og síðan þeir frönsku, ítölsku og fleiri á "tilraunina í Chile" sem hið fullkomna dæmi til sönnunnar kenningu þeirra um "friðsamlega leið til sósíalismans", að koma á sósíalisma undir stjórn margra flokka, að milda heimsvaldastefnuna, að breyta stéttabaráttunni í friðsamlega sambúð o.s.frv.

Endurskoðunarsinnarnir notuðu dæmið frá Chile til að slá föstum endurskoðunarsinnuðum fræðikenningum 20. þings sovéska "kommúnistaflokksins". Þeir litu á það sem sönnun fyrir kenningum sínum um þingræðislegu leiðina að sósíalisminn geti komist á við samvinnu marxista-lenínista og borgaralegra flokka, að eitt land geti orðið sósíalistískt við þingræðislegar kosningar án byltingar. Að sósíalisminn komist á, án þess að brjóta niður ríkisvald borgarastéttarinnar - geti í raun notað það - að ekki sé nauðsynlegt að byggja sósíalismann á alræði öreiganna heldur reyna að forðast það.

Friðsama leið þingræðisins.

Það voru þessar kenningar um "friðsamlega sambúð" og "friðsamlegt þingræði", komnar frá sovéskum, frönskum og ítölskum endurskoðunarsinnum, sem eiga mestu sök á útbreiðslu friðsamra tálsýna, tækifærissinnaðra mistaka og úrkynjun byltingarinnar.

Eftir 20. þing sovéska "kommúnistaflokksins" var þingræðislega leiðin ein ríkjandi meðan leið vopnuðu baráttunnar var algerlega hafnað. Þetta þýddi algera neitun á byltingarbaráttunni og lögfestingu venjulegs endurbótastarfs á efnahagslegum og stjórnarfarslegum grundvelli, þannig að flokkarnir tóku að tilheyra borgaralegu andstöðunni og stilltu upp frambjóðendum til verndar velmegun borgaranna, á sama hátt og sósíaldemókratísku flokkarnir áður fyrr.

Kommúnistaflokkurinn í Chile er sekur um endurskoðunarsinnaða hentistefnupólitík.

Slíkur flokkur var Kommúnistaflokkur Chile - eitt af leiðandi öflum í ríkisstjórn Allendes. Hann var ákaft fylgjandi Krúsjeffskenningunni um "friðsamlega þróun", bæði í fræðikenningunni og starfinu. Hann hefur prédikað (ásamt Moskvu), að þjóðlega borgarastéttin og heimsvaldasinnar séu orðnar sveigjanlegar, umburðarlyndar, skilningsríkar og þær munu aldrei vinna að gagnbyltingu.

Endurskoðunarsinnarnir eru á móti byltingu. Þeir hafa breytt Sovétríkjunum í auðvaldsland, breytt þeim frá því að vera stoð fyrir byltinguna í frjóakur gagnbyltingar. Þeir valda sundrungu innan forystu byltingarsinna og alls staðar slökkva þeir eldmóðinn í baráttunni fyrir byltingu og þjóðlegu sjálfstæði. Þessir lýðskrumarar koma fram sem byltingarsinnar, en þegar tími byltingarinnar nálgast, reyna þeir að kæfa hana í fæðingu eða eyðileggja hana.

Endurskoðunarsinnarnir afneita nauðsyn byltingar, þeir hafa svikið öreigana og hagsmuni hins þjóðlega frelsis. Þeir gera sig ánægða með umbótakröfur innan ramma auðvaldsskipulagsins. Þeir fullyrða að mörkin milli umbóta og byltingar hafi eyðst við núverandi ástand, að þörfin fyrir byltingarsinnuð umskipti séu ekki lengur fyrir hendi. Þeir fullyrða, að tæknibylting vísindanna hafi dregið úr stéttamótsetningum þjóðfélagsins og hún leiði til samruna auðvaldsins og sósíalismans og úr verði "samfélag" með þróunarmöguleika fyrir alla. Þess vegna er byltingin og fræðikenning hennar að þeirra áliti orðin úrelt.

Undir yfirskini lenínismans hafa endurskoðunarsinnar þróast yfir í sósíalheimsvaldasinna, sem sækjast eftir heimsyfirráðum. Meðan þeir tala um friðsamlega sambúð, friðsamleg umskipti, heim án stríðs o.s.frv., þá reyna þeir að fá verkamenn til að leggja niður byltingarsinnaða stéttabaráttu og beygja sig undir vald borgarastéttarinnar og þrældómshlekki auðvaldsins."

-/RL

Rauða Stjarnan
Bókabúð

Reykjavíkurdeild KSML hefur opnað vísi að bókaverslun undir nafninu RAUÐA STJARNAN. 1. ráðstefna KSML um s.l. áramót ákvað að strax skyldi hefjast handa við að stofna bókaverslun, sem selja skyldi bækur og blöð um málefni verkalýðsstéttarinnar. Fyrst um sinn verður verslunin í hluta af húsnæði samtakanna að Skólastræti 3B, en stefnt er að því að við fyrsta tækifæri flytji hún í stærra og betra húsnæði. Enn sem komið er er bókaúrvalið ekki fjölbreytt - en stjórn RAUÐU STJÖRNUNNAR hefur gert ráðstafanir til þess að panta bækur víða um heim. Í næsta tbl. Stéttabaráttunnar verður fjallað nánar um RAUÐU STJÖRNUNA. Opnunartímar eru: laugardaga 10-12 og 14-16.

V. I. Lenin:

Um höfund Alþjóðasöngsins

Í nóvember sl. 1912 voru tuttugu og fimm ár liðin frá dauða franska verkalýðsskáldsins, Eugene Pottier, höfundar hins fræga öreigasöngs, Internationalinn (Fram þjáðir menn . . .). Þessi söngur hefur verið þýddur á öll Evrópumál og fjölda annarra tungumála.

Í hvaða landi, sem stéttvís verkamaður er staddur, hversu ókunnugur sem hann er, mállaus, vinalaus, fjarri sínu heimalandi, finnur hann sér félaga og vini með hinu alþekkta viðlagi alþjóðasöngsins.

Verkamenn allra landa hafa tileinkað sér þennan söng eftir sinn fremsta baráttumann, öreigaskáldið Pottier, og gert hann að alþjóðaeign öreiganna.

Þess vegna heiðra verkamenn allra landa minningu Eugene Pottier. Kona hans og dóttir eru enn á lífi og búa við fátækt eins og hann gerði allt sitt líf. — Hann fæddist í París 4. okt. 1816. Fjórtán ára bjó hann til sinn fyrsta söng, er hann nefndi: Lifi frelsið. — Árið 1848 barðist hann í götuvirkjum í hinum miklu götubardögum verkamanna við borgarana.

Pottier fæddist fátækri fjölskyldu og var alla æfi fátækur maður, öreigi, sem vann fyrir sér sem starfsmaður í verksmiðju.

Frá árinu 1840 heilsaði hann öllum stóratburðum í lífi Frakka með baráttusöngvum og vakti sjálfsvitund hinna sljóu, hvatti verkamenn til einingar og hirti hina borgaralegu stjórn Frakklands.

Á dögum hinnar miklu Parísarkommúnu (1871) var Pottier kosinn fulltrúi með 3352 atkvæðum af 3.600 greiddum. Hann tók þátt í öllum aðgerðum Kommúnunnar, fyrstu öreigastjórnarinnar.

Við fall Kommúnunnar var Pottier neyddur til að flýja land, fyrst til Englands, síðan til Ameríku. Hann skrifaði sinn fræga söng Internationalinn í júní 1871. Daginn eftir hinn blóðuga ósigur í maí væri hægt að segja.

Kommúnan féll, en Internationalinn flutti hugmyndir hennar um víða veröld, og lifir nú betra lífi en nokkru sinni fyrr.

Í útlegðinni 1876 skrifaði Pottier söng verkamanna Ameríku til verkamanna Frakklands. Þar lýsir hann lífi verkamanna undir oki auðvaldsskipulagsins, annars vegar fátækt, þrúgandi striti og arðráni, og hins vegar trú verkamanna á málstað sinn, sem muni sigra að lokum.

Níu árum eftir fall Kommúnunnar sneri Pottier aftur til Frakklands þar sem hann gekk í Verkamannaflokkinn. Fyrra bindi kvæða hans var gefið út 1884, en annað bindið, er nefndist Byltingarsöngvar kom út 1887.

Fjöldi annara söngva eftir verkamannaskáldið komu út að honum látnum.

Áttunda nóvember 1887 báru verkamenn Parísar lík Eugene Pottier til Lalhaise grafreitsins, en þar voru grafnir þeir fylgismenn Kommúnunnar, sem teknir voru af lífi. Lögreglan gerði villimannlegar árásir á mannsöfnuðinn, er hún var að reyna að ná af honum rauða fánanum. Mikill mannfjöldi tók þátt í hinni borgaralegu jarðarför og hvaðanæfa heyrðust hróp: Lifi Pottier!

Pottier dó í fátækt en skildi eftir endurminningu sem verða mun varanlegri en flest annað. Ljóð hans gerðu hann einn hinna mestu áróðursmanna. Þegar hann var að búa til sinn fyrsta söng voru verkamenn, sem aðhylltust sósíalisma nokkrir tugir í hæsta lagi. Nú þekkja tugir milljóna öreiga hinn heimssögulega söng Eugene Pottier.

Internationalinn

(Lag: Degayter)

Fram þjáðir menn í þúsund löndum,
sem þekkið skortsins glímutök.
Nú bárur frelsis brotna á ströndum,
boða kúgun ragnarök.
Fúnar stoðir burtu vér brjótum.
Bræður. Fylkjum liði í dag.
Vér bárum fjötra, en brátt nú hljótum
að byggja réttlátt þjóðfélag.
:,: Þú sem kúgun ert kvalinn,
gríptu geirinn í hönd,
því Internationalinn
mun tengja strönd við strönd :,:

Á hæðum vér ei finnum frelsi,
hjá furstum eða goðaþjóð;
nei, sameinaðir sundrum helsi
og sigrum, því ei skortir móð.
Alls hins stolna aftur vér krefjumst,
ánauð þolir hugur vor trautt,
og sjálfir brátt vér handa hefjumst
og hömrum meðan járn er rautt.
:,: Þú sem kúgun ert kvalinn o. s. frv.

Vér erum lagabrögðum beittir
og byrðar vorar þyngdar meir,
en auðmenn ganga gulli skreyttir
og gózi saman raka þeir.
Nú er tími til dirfsku og dáða.
Vér dugum, - þiggjum ekki af náð.
Látum bræður því réttlætið ráða,
svo ríkislög vor verði skráð.
:,: Þú sem kúgun ert kvalinn o. s. frv.

Eugene Pottier.

ÁLYKTANIR 1. RÁÐSTEFNU KSML

LENÍN STALÍN forlagið

Út er kominn nýr bæklingur hjá KSML sem hefur að geyma samþykktir og niðurstöður 1. ráðstefnu KSML, er haldin var 27. - 30. des. 1973.
Í bæklingnum er að finna uppgjör við hægrihentistefnuna og samþykktir um einstök mikilvæg mál, svo sem þjóðernismálið, landhelgismálið, Atlantshafsbandalagið, afstöðuna til ríkisvaldsins og hins borgaralega flokkakerfis á Íslandi og afstöðuna til auðvaldskreppunnar.

Verð bæklingsins er 150.oo kr.

Lesið bæklinga KSML

REYNSLAN AF KJARABARÁTTUNNI.
(Ályktun Alþjóðasambands Rauðra Verkalýðsfélaga frá 1929 um baráttuaðferðir í verkföllum). Kr. 50.-


UM VERKFÖLL. (eftir Lenín)
(Stutt, greinargóð skilgreining, sem tekur fyrir almenn atriði um eðli og orsakir verkfalla).
Kr. 50.-

DÍALEKTÍSKA OG SÖGULEGA EFNISHYGGJAN (eftir Stalín)
(2. námsfundur í námshring KSML með formála og eftirmála KSML)
Kr. 100.00

UM FLOKKINN
(8. námsfundur í námshring KSML með formála KSML) Kr. 100.00

Hafið samband við KSML

AKUREYRI: Hafið samband við fulltrúa KSML: Guðmund Ármann Sigurjónsson, Brekkugötu 29, P. Box 115.
REYKJAVÍK: KSML Skólastræti 3b, eða P. Box 1357.



Stéttabaráttan

STÉTTABARÁTTAN 4. tbl. 3. árg.
28/4 1974.
Útgefandi: Kommúnistasamtökin m-l
Pósthólf 1357 Rvk.
Ritstj. og ábm.: Hjálmtýr Heiðdal.

RAUÐUR FRAMVÖRÐUR 1. MAÍ 1974

VERKAFÓLK !
FYLKJUM OKKUR UNDIR MERKI KOMMÚNISTASAMTAKANNA MARXISTANNA - LENÍNISTANNA Á 1. MAÍ

REYKJAVÍK

Safnast verður saman kl. 2,30 á Hlemmi og þaðan verður gengið kl. 3,00 um Laugaveg, Bankastræti, Ingólfsstræti, Amtmannsstíg, Lækjargötu og Skólabrú, að Þórshamri við Vonarstræti, þar sem útifundur verður haldinn. Haldnar verða tvær stuttar ræður og sungnir byltingarsöngvar.

AKUREYRI

Verkafólk á Akureyri. Sýnið baráttuvilja og fylkið ykkur undir merki kommúnismans, gangið með KSML á 1. maí undir vígorðunum:

Rauður framvörður KSML
Stétt gegn stétt.
Öreigar og alþýða kúguðu landanna, sameinist í baráttunni gegn heimsvaldastefnunni.
Niður með kapítalismann - Lifi sósíalisminn.
Lærum af stéttabaráttunni og gerum þekkingu okkar að vopni til flokksmyndunar.
Niður með NATO - niður með íslenska auðvaldið.

Safnast verður saman við Dúkaverksmiðjuna kl. 13,00 (á svæðinu við Glerárbrú) og gengið Glerárgötu, Eyrarveg, Norðurgötu, Strandgötu, Glerárgötu, Skipagötu, Kaupvangsstræti á Ráðhústorg, og þar verður útifundur haldinn kl. 14,00.

Dagskrá:
1. Ræða: félagi Fjóla Ingólfsdóttir.
2. Ljóðalestur: félagi Guðmundur Rúnar.
3. Ræða: félagi Guðmundur Ármann.
4. Samþykktir.
5. Internationalen: alþjóðasöngur verkalýðsins.

Kaffisamsæti á eftir útifundi í miðstöð KSML, Strandgötu 23.